



13/2019

Skrifleg fyrirspurn frá Norðurlandaráði um hvernig svið óhefðbundinna meðferða innan er skipulagt í norrænu ríkjunum

Fyrirspyrjandinn bendir á að í Danmörku sé fyrir hendi skráning á óhefðbundnum meðferðaraðilum sem á grundvelli þess að þeir uppfylli tiltekin fagleg og menntunarleg skilyrði eru skráðir í RAB (registrerede alternative behandlere) en sá listi er viðurkenndur af dönsku sjúklingaöryggisstofnuninni, Styrelsen for patientsikkerhed. Það eykur öryggi sjúklinga að þeir geti sótt upplýsingar um hæfa óhefðbundna meðferðaraðila af óháðum lista og myndi marka tímamót að önnur norræn ríki hefðu samsvarandi kerfi vegna óhefðbundinna meðferðaraðila. Í ljósi þessa er eftirfarandi fyrirspurn borin fram

Er hægt að veita upplýsingar um það hvernig svið óhefðbundinna meðferða innan heilbrigðisgeirans er skipulagt í norrænu ríkjunum, þar með talið hvernig leyfismálum og löggildingu óhefðbundinna meðferðaraðila er háttað með tilliti til faglegs og menntunarlegs bakgrunns þeirra?

Svar frá Finnlandi:

Í Finnlandi eru ekki fyrir hendi sérstök lög um svokallaðar óhefðbundnar meðferðir sem falla utan læknavísindanna.

Í lögum um fagmenntað fólk í heilbrigðisþjónustu (15. grein) segir: „Markmiðið með starfi fagmenntaðs fólks í heilbrigðisþjónustu er að viðhalda og bæta heilsu, koma í veg fyrir sjúkdóma og lækna sjúka og draga úr þjáningum þeirra. Fagmenntaður einstaklingur í heilbrigðisþjónustu á í starfi sínu að **beita almennt viðurkenndum og sannreyndum aðferðum í samræmi við menntun sína** sem hann á stöðugt að leitast við að bæta. Fagmenntaður einstaklingur í heilbrigðisþjónustu skal meta með hlutlausum hætti ávinning og hugsanleg óþægindi sem meðferð hefur í för með sér fyrir sjúklinginn.

Fagmenntuðum einstaklingi í heilbrigðis- og umönnunarþjónustu er skylt að virða í öllu réttindi sjúklings.“

Í lögum um heilbrigðisþjónustu segir (8. grein): „Starfsemi á sviði heilbrigðisþjónustu skal byggja á þekkingu, góðum starfsháttum og góðum verkferlum. Hún á að vera af miklum gæðum og örugg og rekin af fagmennsku.“ og (24. grein): „Heilbrigðisþjónusta skal innt af hendi í samræmi við þörf sjúklingsins fyrir læknisfræðilega eða tannlæknisfræðilega meðferð og viðhafðar skulu samræmdar aðferðir við umönnun. Aðhlynnningin skal eiga sér stað með markvissum hætti og í markvissu samstarfi.

Leyfis- og eftirlitsstofnun félags- og heilbrigðisþjónustu (Valvira) í Finnlandi hefur fyrir hönd ríkisins eftirlit með fagmenntuðu fólki í heilbrigðisþjónustu eins og kveðið er á um í lögum og reglugerð um fagmenntað fólk í heilbrigðisþjónustu. Valdsvið Valvira nær ekki til starfsemi þessa fagfólks á öðrum sviðum, til dæmis þegar það veitir eða býður fram svokallaða óhefðbundna meðferð. Einstaklingur sem býður upp á óhefðbundna meðferð telst við þær aðstæður ekki vera fagmenntaður einstaklingur í heilbrigðisþjónustu þrátt fyrir að viðkomandi hafi slíka menntun. Fagfólk í heilbrigðisþjónustu skal við þær aðstæður ekki nota starfsheiti úr heilbrigðisþjónustu vegna þess að fagmenntaður einstaklingur á ekki að veita eða bjóða fram óhefðbundna meðferð sem lið í þeirri heilbrigðisþjónustu sem

fagmenntun viðkomandi tekur til. Fagmenntaður einstaklingur sem veitir óhefðbundna meðferð skal þegar slík meðferð er veitt tryggja að skjólstæðingum sé kunnugt um að meðferðin sem veitt er teljist ekki vera læknisfræðileg umönnun eða meðferð.

Komi upp vandamál í tengslum við óhefðbundna meðferð má hafa samband við samkeppnis- og neytendastofu, Konkurrens- och konsumentverket. Óhefðbundin meðferð fellur undir neytendalög og auk þess meðal annars skaðabótalög og hegningarlög. Fæðubótarefni falla undir löggjöf um matvæli og hefur finnska matvælastofnunin, Evira, eftirlit með þeim.

Svar frá Íslandi:

Græðarar sem veita óhefðbundna meðferð eru ekki með löggildingu á Íslandi eins og heilbrigðisstarfsfólk.

Lög um græðara eru nr. 34/2005. Þar kemur meðal annars fram að koma skuli á fót skráningarkerfi sem er frjálst fyrir fagfélög græðara á sviði óhefðbundinnar meðferðar.

Heilbrigðisráðherra skal samþykkja umsóknir frá fagfélögum græðara sem sækja um frjálsa skráningu hjá Bandalagi íslenskra græðara. Bandalag íslenskra græðara heldur utan um skráningu græðara sem eru félagar í einhverju af fagfélögum græðara. Upplýsingar um fagfélög græðara sem eru aðilar að skráningarkerfinu og upplýsingar um þá græðara sem hafa skráningarskírteini frá Bandalagi íslenskra græðara, um þau fagfélög græðara sem hafa verið samþykkt af ráðherra og þá féлага sem skráðir eru í þau, ásamt upplýsingum um þau svið óhefðbundinnar meðferðar sem græðarar eru skráðir á, skulu vera aðgengilegar almenningi.

Skráður græðari sem uppfyllir faglegar menntunarkröfur í samræmi við reglugerð nr. 877/2006 um frjálsa skráningu græðara skal hafa skráningarskírteini sitt sýnilegt á áberandi stað fyrir þá sem sækja þjónustu hans. Það eykur öryggi sjúklinga að þeir hafi aðgang að upplýsingum um skráða hæfa græðara.

Bandalag íslenskra græðara getur afskráð græðara ef hann uppfyllir ekki lengur skilyrði í samræmi við reglugerð nr. 877/2006 um frjálst skráningarkerfi fyrir græðara. Ákvörðun um afskráningu er kæránleg til ráðherra.

Skráður græðari verður að vera með sjúklingatryggingu hjá tryggingafélagi í samræmi við reglugerð nr. 876/2006 um starfsábyrgðartryggingu fyrir græðara.

Skráður græðari ber ábyrgð á þeirri þjónustu sem hann veitir í samræmi við almennar reglur um skaðabótarétt.

Svar frá Svíþjóð:

Nei, engar slíkar skráningar eru fyrir hendi í Svíþjóð. Þetta málefni hefur verið efni margra rannsókna, síðast SOU 2019:15. Í engri þessara rannsókna hefur niðurstaðan verið sú að hefja ætti slíka skráningu í Svíþjóð. Hér fyrir neðan er hlekkur á niðurstöðukafla síðustu rannsóknarinnar sem nú er til meðferðar í stjórnarráðinu

https://www.regeringen.se/4961ee/contentassets/75e0d769c4be49f8b2accc1a4cb5451e/komplementar-och-alternativ-medicin-och-var-d---sakerhet-kunskap-dialog-sou-2019_15.pdf

Aftur á móti eru í SOU 2019:15 lagðar fram ýmsar tillögur um að bæta aðgengi almennings að óháðum upplýsingum um óhefðbundna meðferð (sjá t.d. bls. 21 um upplýsingakerfi). Í rannsókninni er einnig norrænt yfirlit sem gæti verið áhugavert.

Svar frá Færeyjum:

Færeyjar vilja vera aðilar að tillögunni. Færeyjar vekja þó athygli á yfirstandandi vinnu að siðfræðilegu samþykki vegna rannsóknarverkefna á sviði heilbrigðisvísinda í norrænu ríkjunum, þar með talið hinar sex aðgerðir í siðfræðiverkefni norsku formennskuáætlunarinnar.

Svar frá Grænlandi:

Heilbrigðisráðuneytið þakkar fyrir að fá tækifæri til þess að taka þátt í að svara fyrirspurn E 13/2019 varðandi óhefðbundna meðferð innan heilbrigðisgeirans.

Hægt er að upplýsa að svið óhefðbundinnar meðferðar innan heilbrigðisgeirans er ekki skipulagt á Gænlandi. Engin opinber skráning, leyfisveitingar eða löggildingar eru fyrir hendi vegna óhefðbundinna meðferðaraðila.

Varðandi magn framboðs á óhefðbundnum meðferðum er það mat heilbrigðismálaráðuneytisins að framboð óhefðbundinna meðferða sé afar takmarkað á Grænlandi.

Svar frá Noregi:

Vísað er til skriflegrar fyrirspurnar Norðurlandaráðs dags. 12. september 2019 sem lögð var fram af Liselott Blixt og beint til norrænu ríkisstjórnanna um skipulag óhefðbundinnar meðferðar í norrænu ríkjunum.

Norsk heilbrigðisþjónusta byggir í meginatriðum á meðferðarúræðum og starfsfólki sem sækir grunn í vestræn læknavísindi. Vestræn læknavísindi byggja á vestrænum náttúruvísindum þar sem mikil áhersla er lögð á staðfestan árangur meðferðar. Í þessu felst styrkur heilbrigðisyfirvalda og á þessu byggjum við heilbrigðisþjónustuna. Tæmandi löggjöf sem tekur til vestrænna læknavísinda er fyrir hendi og stofnanir sem hafa faglegt eftirlit með framkvæmd heilbrigðisþjónustunnar. Í 48. gr. laga um starfsfólk í heilbrigðisþjónustu er tæmandi yfirlit yfir þá starfshópa sem geta fengið starfsleyfi í Noregi.

Óhefðbundin meðferð byggir á annarri hugmyndafræði og er frábrugðin vestrænum læknavísindum meðal annars varðandi meinafræði, skýringar á ástæðum sjúkdóms og meðferðarleiðir vegna hinna ýmsu sjúkdóma. Lög um óhefðbundna meðferð við sjúkdómum taka til óhefðbundinna meðferða o.fl. Lögunum er ætlað að standa vörð meðal annars um öryggi sjúklinga og vernd neytenda. Í 3. málsgrein 3. greinar er óhefðbundin meðferð skilgreind sem „*heilsutengd meðferð sem á sér stað utan heilbrigðiskerfisins og er ekki innt af hendi af heilbrigðisstarfsfólki með starfsleyfi. Meðferð sem á sér stað innan heilbrigðiskerfisins eða er innt af hendi af heilbrigðisstarfsfólki með starfsleyfi fellur samt undir hugtakið óhefðbundin meðferð þegar þær byggja á aðferðum sem yfirleitt eru notaðar utan heilbrigðiskerfisins.*“

Í Noregi er ekki fyrir hendi opinber viðurkenning til að mega inna af hendi óhefðbundna meðferð. Gengið er út frá þeirri meginreglu að ekki verði innleitt kerfi sem beint eða óbeint má túlka þannig að hið opinbera standi að baki tilteknum óhefðbundnum meðferðarleiðum. Margvíslegar ástæður eru fyrir þessu. Svið óhefðbundinnar meðferðar samanstendur af mörgum mismunandi meðferðarleiðum og einkennist af mikilli breidd varðandi hugmyndafræði að baki meðferð, sjúkdómsskýringar og faglegan bakgrunn. Auk þess eru gögn um árangur að hluta til ekki fyrir hendi og að hluta til af skornum skammti. Þar að auki eru aðeins í takmörkuðum mæli fyrir hendi samþykkt viðmið og staðlar fyrir hinar ýmsu meðferðarleiðir.

Komið hefur verið upp frjálssu skráningarkerfi í samræmi við 3. grein laga um óhefðbundna meðferð við sjúkdómum. Kerfið fellur undir reglugerð um frjálst skráningarkerfi fyrir óhefðbundna meðferðaraðila. Sett eru skilyrði fyrir samþykki og skráningu bæði fyrir fagfélög og einstaka meðferðaraðila. Meðferðaraðili sem óskar eftir skráningu þarf að leggja fram gögn um að hann sé aðili að samþykktu fagfélagi meðferðaraðila.

Einnig gilda reglur þar sem gerðar eru kröfur um það hvernig aðilar sem veita óhefðbundna meðferð geta kynnt sig og markaðssett. Þetta fellur undir 8. grein laga um óhefðbundna meðferð við

sjúkdómum ásamt reglugerð um markaðssetningu óhefðbundinnar meðferðar við sjúkdómum. Á þessu sviði á sér stað eftirlit.

Heilbrigðis- og umönnunarráðuneytið hefur falið rannsóknarmiðstöð á sviði óhefðbundinnar meðferðar, Nasjonalt Forskningscenter innen Komplementær og Alternativ Behandling (Nafkam), það verkefni að veita almenningi upplýsingar sem byggja á þekkingu um óhefðbundna meðferð. Nafkam starfar einnig á alþjóðavettvangi sem önnur tveggja evrópskra samstarfsmiðstöðva um hefðbundnar lækningar hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni. Fjármagni er veitt af fjárlögum til skráningarkerfisins og til Nafkam. Markmiðið er að þróa og miðla þekkingu á því hvað óhefðbundin meðferð er, stuðla að siðfræðilegri meðvitund þeirra sem iðka slíka meðferð og þekkingu fyrir notendurna.

Svar frá Danmörku:

Allir eiga rétt á að veita óhefðbundna meðferð í Danmörku.

Óhefðbundinn meðferðaraðili er einstaklingur sem stundar heilsutengda starfsemi utan heilbrigðiskerfisins sem fjármagnað er af opinberu fé og hefur ekki löggildingu til þess að stunda viðkomandi starfsemi. Óhefðbundinn meðferðaraðili fellur ekki undir eftirlit sjúklingaöryggisstofnunarinnar, Styrelsen for Patientsikkerhed, með heilbrigðismeðferð sem innt er af hendi af starfsfólki heilbrigðiskerfisins nema viðkomandi hafi einnig löggildingu sem heilbrigðisstarfsmaður.

Óhefðbundnir meðferðaraðilar mega nota titilinn „skráður óhefðbundinn meðferðaraðili“ eða „registreret alternativ behandler“ (RAB). Um er að ræða valkvætt skráningarkerfi sem skipulagt er af atvinnugreininni sjálfri þar sem fagfélögin skrá hvern og einn óhefðbundinn meðferðaraðila. Félögin gera meðal annars faglegar og menntunarlegar kröfur til félaga sinna.

Fagfélögin skulu fá viðurkenningu frá sjúklingaöryggisstofnuninni, Styrelsen for Patientsikkerhed, í samræmi við nánar skilgreind viðmið.